reflectingJesus

BETA

endurvakning kemur
með iðrun **16**

vissir þú að...

frá tímum Biblíunnar hefur Heilagur andi haldið áfram að vinna að vakningu

Áður en hljóðnemar voru fundnir upp prédikaði George Whitefield fagnaðarerindið á lóð verksmiðja, í almenningsgörðum og jafnvel á hlaupabraut, frammi fyrir 20.000, 30.000 og 60.000 eða fleiri fjölda fólks í kringum árið 1700. Einn rithöfundur skrifaði um Whitefield að þegar hann prédikaði eitt sinn fyrir námumenn „runnu hvít tárin niður svartar kinnar þeirra þegar þeir komu út úr kolanámunum.“ (Duewel, Revival Fire, 58) Á meðan þúsundir hlustuðu langt fram á nótt lýsir Whitefield að „í um einn og hálfan tíma var svo mikið grátið og svo margir kvöldust í þungri sorg að þeir voru bornir inn í hús eins og sæðir hermenn úr baráttu. Kvöl þeirra og grátur var mjög áhrifamikill.“ Fólk var kyrrt alla nóttina í bæn og lofgjörð til Guðs.

John Wesley sem var upphafsmaður Meþódista og var uppi á sama tíma og Whitefield upplifði svipaða hluti þegar hann prédikaði. Jafnvel eftir að hann hafði verið þvingaður til þess að prédika fyrir utan kirkjuna þá eyddi hann mörgum dögum í það. „Þegar kom að laugardagskvöldi var fólkið svo meðvitað um syndir sínar að margir í hóp fólks sem hann prédikaði fyrir í kirkjugarði féll niður eins og það hefði misst lífið. Wesley reyndi að prédika en rödd hans drukknaði næstum í gráti og rödd þeirra sem höfðu iðrast og lofuðu nú Guð í fullvissu um fyrirgefningu synda sinna.“ (Ibid 78.)



Whitefield og Wesley höfðu svo mikil áhrif að sagnfræðingar trúa því að bylting hafi ekki átt sér stað á Englandi eins og annars staðar í Evrópu vegna prédikanna þeirra.

Í kringum 1800 var það Charles Finney sem „hafði örugglega áhrif á flestar trúartökur og sá fleiri upphöf endurvakninga en nokkur nútímamaður.“

Skilgreining hans á vakningu er sú að „vakning er endurnýjun á sannfæringu um synd og iðrunar“ og það var aðalboðskapur Jóhannesar skírara sem prédikaði „iðrunarskírn til fyrirgefningar synda“ og Jesú sem sagði, „Tíminn er fullnaður og Guðs ríki í nánd. Gjörið iðrun og trúið fagnaðarerindinu.“ (Markúsarguðspjall 1:15)

sögulegar staðreyndir

Endurvakning er það sem gerist þegar Heilagur andi blæs nýju lífi í hjörtu okkar. Hósea 10:12 gefur okkur innsýn inn í hvernig og af hverju endurvakning á sér stað. Lestu versið og svaraðu svo eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða sæði er sáð? _____

2. Hvaða ávöxt ber þetta sæði á endanum? _____

3. Hvernig kemst sæðið í jörðina? _____

4. Hver verður að brjóta landið upp? _____

5. Hvað er það sem vökvar sæðið til þess að það vaxi og beri ávöxt? _____

6. Hvað stendur „rigning" fyrir í Biblíunni? (Þú getur skoðað mismuninn á alvöru rigningu og andlegri rigningu í Jóel 2:23 og 28-29)

_____

Það er til saga frá Miðöldum um unga konu sem var gerð útlæg frá himnaríki. Henni var sagt að ef hún myndi koma með eina gjöf sem Guð þætti dýrmætust mætti hún koma aftur. Unga konan kom með blóðdropa úr deyjandi frelsishetju. Hún kom með smápening sem blásnauð ekkja gaf fátækum. Hún kom með leifar af Biblíu sem framúrskarandi prédikari hafði notað. Hún kom meira að segja með ryk af skóm trúboða sem þjónuðu mörg ár í fjarlægu landi. Þrátt fyrir að hún kom með allt þetta og meira til var henni vísað frá í sífellu.

Dag einn var hún að horfa á lítinn dreng leika sér við drykkjarbrunn þegar hún sá mann ríða að á hesti. Maðurinn steig niður til að fá sér að drekka. Þegar hann kom auga á drenginn hugsaðin hann um sína eigin barnæsku og sakleysi. En þá leit hann í vatnið á brunninum og sá spegilmynd sína, af harðgerði andliti. Hann varð yfirbugaður af synd í lífi sínu og á þessu augnabliki grét hann iðrunar tárum. Unga konan fór með eitt af þessum tárum til himna og þar var tekið á móti henni með gleði.

Don McCullough, „Jesus the Judge," í „Preaching Today," spóla nr. 129.

hugsum málið

1. Hvers vegna heldur þú að fyrstu orð sem Jesús prédikar séu um iðrun?

_____

_____

2. Hvers vegna þurfum við að iðrast áður en Heilagur andi getur breytt okkur?

_____

_____

venjur til að endurspegla hjarta Jesú ~ að hugsa í einlægni um synd

Engum líka iðrun. Engum líkar sú tilhugsun að maður hafi gert eitthvað rangt og maður þurfi að viðurkenna það. Iðrun er virkilega erfið því hún er einmitt öfugt við það sem við viljum í eðli okkar gera.

En ef við játum ekki syndir okkar og hættum ekki að þeirri synd munum við ekki verða læknuð af Guði. Syndir sem við játum ekki hindra okkur í að eiga samband við Guð og hindrar þar með mátt Guðs til að breyta lyndiseinkunn okkar. Það er þess vegna sem Davíð skrifaði,

> Ef ég hygg á illt í hjarta mínu,
> þá heyrir Drottinn ekki,
> Sálmur 66:18

En þegar við eru nógu djörf til að trúa því að Guð fyrirgefur og kemur okkur í samt lag er útkoman hreint út sagt stórkostleg.

> **Í fyrsta lagi, er gleði á Himnum.** Jesús sagði, „Ég segi yður: Þannig verður fögnuður með englum Guðs yfir einum syndara, sem gjörir iðrun.“ (Lúkasarguðspjall 15:10)
>
> **Í öðru lagi, öðlumst við Heilagan anda að gjöf.** „Pétur sagði við þá: „Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda.“ (Postulasagan 2:38)
>
> **Í þriðja lagi, fáum við nýtt hjarta.** Guð sagði, „Varpið frá yður öllum syndum yðar, er þér hafið drýgt í gegn mér, og fáið yður nýtt hjarta og nýjan anda. Því að hvers vegna viljið þér deyja, Ísraelsmenn? Því að ég hefi eigi velþóknun á dauða nokkurs manns, - segir Drottinn Guð. Látið því af, svo að þér megið lifa.“ (Esekíel 18:31-32)

að hugsa um synd

Það koma tímar þar sem við vitum að við höfum gert eitthvað rangt því það er okkur mjög skýrt. En endrum og sinnum koma tímar þegar hlutirnir ganga bara ekki vel og við skiljum ekki hvers vegna. Það er einmitt gott á þeim tímum sem að eyða tíma í einrúmi og biðja Heilagan anda um að opinbera synd sem hindrar okkur í að eiga samband við Guð. Það er einnig gagnlegt að gera það að venju sinni að biðja fyrir þessu í enda hvers dags. Þá getum maður iðrast þess og hindrað það að vandamálið með syndina vaxi.

Jeremía segir í Harmljóðunum, „Rannsökum breytni vora og prófum og snúum oss til Drottins.“ Það að rannsaka breytni okkar er að skoða hana ýtarlega.

nýtum venjuna

Til þess að hugsa í einlægni um iðrun, gætiru gert eftirfarandi:

1. Farðu þar sem þú getur verið í einrúmi.
2. Þakkaðu Guði fyrir það að Hann lofaði að fyrirgefa þér til þess að þú getir byrjað upp á nýtt. (Jóhannes segir að „Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.“ (1 Jóhannesarbréf 1:9) Það þýðir að ef að okkur þykir virkilega fyrir því að hafa farið gegn vilja Guðs fyrir líf okkar, þá mun hann fyrirgefa okkur og endurmynda okkur eins og ný að innan – hvað sem það var sem við gerðum.)
3. Biddu Heilagan anda um að sýna þér ef það er eitthvað sem þú þarft að iðrast eða breyta.
4. Notaðu dagbókina þína til að gera lista yfir þessa hluti. Haltu áfram að biðja og skrifa þangað til þú er viss um að það er ekkert annað sem Heilagur andi vill sýna þér. Settu svo línu neðst við listann þinn. Sem dæmi:
   a) Fyrir að reiðast Jóni í morgun.
   b) Fyrir að skoða hluti á netinu sem ég hefði átt að láta vera.
   c) Fyrir að vilja ekki hjálpa þeim sem að þurfti á því að halda.
5. Biddu um fyrirgefningu Guðs og hjálp Hans til að breyta því hvernig þú hugsar og hegðar þér. Líttu á það fyrsta á listanum þínum (að reiðast) og biddu Guð um að fyrirgefa þér reiði þína og þau ljótu orð sem þú lést út úr þér. Þegar þú er viss um

að Guð hefur fyrirgefið þér (Mundu versið í 1. Jóhannesarbréfi 1:9), strikaðu það þá út af listanum þínum. Biddu þarnæst fyrir því sem var næst á listanum og gerðu það sama við það. Biddu fyrir öllu á listanum, hverju fyrir sig. Þegar þú kemur að línunni þá veistu að á því augnabliki ert þú tilbúinn að lifa í sátt og samlyndi við Guð.

Ekki láta það koma þér til hugar að það sé eitthvað sem Guð getur ekki fyrirgefið. Alveg eins og Davíð sem játaði synd sína í Sálmi 51 (synd hans innifól hórdóm og morð), þá er Guð ákafur í að koma þeim í samt lag sem biður um það. Kannski langar þig jafnvel til að biðja Sálm 51 í endan á játningartíma þínum.

yfirlit

Í „sögulegar staðreyndir" sáum við hvernig Hósea 10:12 lýsir ferli iðrunar. Guð þráir að sjá okkur 2) bera yfirnáttúrulegan ávöxt kærleiks sem fellur aldrei úr gildi en þessi ávöxtur getur aðeins verið týndur af plöntum sem vaxa upp frá 1) sæði réttlætisins. Þessi sæði réttlætisins sem bera ávöxt kærleiks sem fellur aldrei úr gildi – sem er skilgreiningin á kjarna þess hver lyndiseinkunn og dýrð Guðs er – getur aðeins vaxið þegar 3) harða jörðin, sem sæðið á að falla í, er brotin upp. Ef jörðin er ekki brotin upp geta sæði réttlætisins ekki fallið í hana. Svo Hósea segar 4) okkur að brjóta upp hörðu jörðina. Það verður að rækta, grafa upp og plægja og snúa hörðu og grýttu jörðin til þess eins að gera það að verkum að rigning 5 & 6) Heilags anda smýgur inn í sprungur og vætir jörðna og lætur þar með sæði réttlætisins bera ávöxt. Þegar hjarta okkar er opnast í iðrun fær rigning Heilags anda inngöngu.

Í „hugsum málið" fékkstu áskorun um iðrun lífs þíns. Iðrun er erfið vegna þess að hún er andstæðan við það sem okkur langar til þess að gera en hún mun færa okkur nýja kraft þegar Heilagur andi endurnýjar hjarta okkar.

Í „venjur til að endurspegla hjarta Jesú" skoðuðum við hagnýta aðferð til að iðrast synda okkar. Þegar við lærum að rannsaka okkur sjálf reglulega frammi fyrir Guði er samband okkar við hann opið á hverri stund.

tími minn með Guði

Æfðu venjuna í enda hvers dags þessa vikuna. Notaðu leiðbeiningarnar á blöðunum til að stýra bænum þínum.

láttu ganga!

Getur þú kennt einhverjum hvað Hósea 10:12 táknar?

auka hjálp

1. Vegurinn til Krists, (fyrstu fjórir kaflarnir) eftir Ellen White.
2. „How to Experience a Revival" eftir Charles Finney.

© 2007 by gavin anthony

Undirbúningur hjartans fyrir endurvakningu

…brjótið land til ræktunar. Nú er tími til að leita svara hjá Drottni þar til hann kemur og lætur réttlæti rigna yfir yður. (Hósea 10:12)

Eftirfarandi gögn hafa verið samin upp úr bókinni „How to experience revival“ eftir Charles G. Finney. Áður en þú ferð í gegnum þetta andlega matsblað skaltu hugsa um versið efst á síðunni og hvernig það passar við þig persónulega. Svo skaltu biðja um leiðsögn Heilags anda. Biddu hann að gefa þér sanna mynd af sjálfum (sjálfri) þér en einnig dýrðlega sýn á þá persónu sem hann vill að þú verðir.

Ekki flýta þér í gegnum þetta. Eyddu tíma í að biðja við hvern hluta um leiðbeiningu og tilsögn. Í fyrstu tveimur hlutunum muntu sjá mismunandi hluti í lífi okkar sem við þurfum að játa. Í þriðja hlutanum færðu svigrúm til að játa sérstakar syndir í þínu lífi og að biðja Guð um fyrirgefningu og lækningu.

Við skulum enda á leiðbeiningum Finney sjálfs:

> „Skoðaðu syndir þínar, eina í einu. Farðu yfir þær eins vandlega og kaupmaður fer í gegnum bækur sínar. Í hvert skipti sem synd kemur í hugann skaltu bæta henni á listann. Almenn játning á öllum syndum dugar ekki, syndir þína drýgðirðu eina í einu og þær þarftu að upprifja og iðrast einni í einu. Byrjaðu á þessu núna! Strax! Ekki fresta því... Ekki búast við því að Guð, fyrir kraftaverk, brjóti þitt land til ræktunar fyrir þig... þú þarft að gefa Guði vilja þinn.“

Svo, „Rannsökum breytni vora og prófum og snúum aftur til Drottins.“ (Harmljóðin 3:40)

Hlutir sem ég hef ekki gert en gæti hafa gert

Skortur á þakklæti til Guðs	Ég hef upplifað blessanir Guðs en mér finnst hann ekki hafa gert nóg svo ég hef ekki þakkað honum?	
Skortur á ást til Guðs	Ég hef elskað aðra hluti meira en Guð?	
Vanræksla á lestri Biblíunnar	Ég hef flýtt mér í gegnum lestur og rannsókn á Biblíunni og verið að því meira til að „þóknast“ Guði heldur en að læra af honum?	
Vanræksla á bæn	Hef ég forðast bæn eða aðeins beðið því ég „átti“ að biðja?	
Tímar vantrausts	Ég hef ekki trúað orði Guðs alveg eða að loforð hans séu sönn?	
Slæmt viðhorf til andlegra málefna	Ég hef gert andlega hluti en mig langaði ekkert sérstaklega til þess?	
Skortur á kærleika og ábyrgð	Skiptir andleg velferð og eilífðar örlög vina minna og fjölskyldu mig virkilega máli?	
Skortur á áhuga á þeim sem ekki trúa	Hef ég virkilega meðaumkum með þeim sem þekkja ekki Jesú? Endurspeglar hegðun mín, orð mín, um hversu miklu máli fólkið skiptir mig.	
Fjölskylduábyrgð	Uppfylli ég ábyrgð mína gagnvart fjölskyldu minni? Hvað geri ég fyrir þeirra andlegu velferð?	
Mitt eigið líf	Hversu oft hef ég verið á spani í gegnum vinnuna og geymt Guð þangað til mér hentar eða jafnvel gleymt honum algjörlega?	

Skortur á fórn	Fórna ég einhverju fyrir aðra? Gef ég öðrum bara af því sem ég hef aukalega. Hvenær hef ég gefið þannig að ég hef þurft að lifa án einhvers?	
Eitthvað annað?		

Það sem ég hef gert og hefði ekki átt að gera

Heimsleg hugsun	Tel ég peninga mína og eignir sem mín eigin? Vinn ég fyrir minn eigin metnað?	
Stollt	Hvenær hef ég hegðað mér í beinum tengslum við stollt? Hvenær hefur það skipt mig meira máli hvað öðrum finnst um mig en það Guði finnst um mig?	
Öfundsýki	Hvenær hef ég öfundað einhvern annan sem á nóg af peningum eða hefur hæfileika sem ég hef ekki? Hef ég hugsað meira um galla þeirra en kosti?	
Gagnrýnn andi	Hvenær hef ég verið bitur út í aðra og ekki sýnt þeim kærleika?	
Rógburður	Hvenær hef ég talað um ókosti annarra, bæði alvöru og ímyndaða, af engri guðlegri ástæðu?	
Skortur á alvarleika	Hvenær hef ég sýnt Guði kjánaskap á þann hátt sem ég hefði aldrei þorað að sýna mannlegum stjórnanda?	
Lygi	Hvenær hef ég blekkt einhver, með því sem ég sagði eða sagði ekki, með augnaráði eða hegðun?	
Svik	Hvenær hef ég komið fram við einhvern á þann hátt sem ég hefði ekki viljað upplifa sjálf(ur)? (Þetta er að svíkja fólk um virðingu.)	
Hræsni	Hvenær hef ég verið hræsnari frammi fyrir Guði í bæn? Hvenær hef ég beðið um einhvað án einlægni þar sem ég man ekki einu sinni hvað ég bað um þegar ég enda bænina?	
Að ræna Guð	Hvenær hef ég eytt tíma í sjálfa(n) mig þegar ég hefði getað verið að vinna fyrir ríki Guðs eða bjargað öðrum. Hvenær hef ég haldið hæfileikum mínum, fórn eða tíund frá kirkju Guðs?	
Vont skap	Hef ég verið farið illa með eða misst stjórn á sjálfum (sjálfri) mér við fjölskyldu, vini mína eða meðlimi kirjunnar?	
Eitthvað annað?		

Ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.
1. Jóhannesarbréf 1:9